

Múlaping
Sóley Valdimarsdóttir
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 30. apríl 2021
UST202104-267/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag – Valgerðarstaðir - Múlaping

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Múlapingis er barst 21. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á deiliskipulagi fyrir iðnaðar- og athafnasvæði við Valgerðarstaði í Fellabæ.

Í greinargerð kemur fram skipulagssvæðið er að hluta til byggt og er starfsemin á svæðinu af ýmsum toga eins og steypustöð, verkstæði, geymslur, kyndistöð, lagersvæði, gróðurhús o.fl. Auk þess kemur fram að gert ráð fyrir að afmarka lóðir, staðsetja núverandi lagnaleiðir og skilgreina byggingarreiti fyrir iðnaðar- og athafnasvæði á svæðinu.

Votlendi

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er votlendi sem fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Hægt er að sjá útbreiðslu votlendisins á vefsíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands (<https://serstokvernd.ni.is/>)

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufræðisvæðna, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Að mati Umhverfisstofnunar getur tillagan hafa neikvæð áhrif á votlendi.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að á grundvelli aðgerðaáætlunar stjórnvalda í loftslagsmálum frá 2018 var ráðist í átak til að draga úr losun frá landi með vernd og endurheimt votlendis.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hver stefna sveitarfélagsins varðandi vernd og endurheimt votlendis í sveitarfélaginu og hver stefna sveitarfélagsins í að varðveita og binda kolefni í votlendi og vernda líffræðilega fjölbreytni.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef

tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Vistgerðir og fuglalíf

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins eins og kemur fram í greinargerð er m.a. vistgerðin starungsmýravist og rekjuvist sem eru með mjög hátt og miðlungs verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.


Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Að mati Umhverfisstofnunar getur tilagan haft neikvæð áhrif á vistgerðirnar og búsvæði fuglanna. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Björn Stefánsson
sérfræðingur